

Berist til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Þann 14. desember 2020 bárust niðurstöður úr sýni sem tekið var í nóvember hjá baðkari inn á baðherbergi í húsi okkar að Holtabraut 27, af Sigurjóni Arnarsyni frá Mannviti. Þetta voru niðurstöðurnar:

0477: Holtabraut 27. Við baðkar. Lýsing: Límborði (60 x 32 mm).	Límborðinn var þakinn gróum og askhirslum <i>Chaetomium</i> tegundar, inn á milli fundust gró svartmyglu, <i>Stachybotrys chartarum</i> , og gró <i>Aspergillus</i> tegundar í minna magni. - Full ástæða er til að kanna rýmið nánar
Grænn litur: Ekki fundust gró eða svepphlutar tegunda sem algengt er að vaxi innanhúss á mygluðum byggingarefnum.	
Appelsínugulur litur: Í sýninu fundust gró og/eða svepphlutar tegunda sem algengt er að vaxi innanhúss á mygluðum byggingarefnum.	

Við keyptum húsið af Skeiða- og Gnúpverjahreppi maí/júní 2018 að hafa leigt það af þeim síðan júní 2015.

Á þeim tíma sem við leigðum af Skeiða- og Gnúpverjahreppi þá lýsti ég áhyggjum mínum að það gæti leynst mygla á bak við baðkarið við Sveitarstjóra. Hann fékk verkfræðing frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita til að koma og kíkja á það. Sá verkfræðingur sagði að það væri nóg að taka kítitið og setja nýtt.

Nú kemur samt sönnun fyrir því að það reynist ekki rétt. Því viljum við meina að mygluskemmdirnar séu vegna leynds galla og eigi kostnaður því að falla seljanda, Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Virðingarfyllst,

Elín Anna Lárusdóttir og Elvar Már Svansson

kt. 070581-4269 kt. 221176-4999

þinglýstir eigendur af Holtabraut 27.